



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 4.5. '19

Úrskurður aganefndar 4. maí 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Darri Aronsson leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Hauka í mfl. ka. þann 2.5.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Leikmaðurinn var úrskurðaður í eins leiks bann á síðasta fundi aganefndar en málinu var að öðru leyti frestað um sólarhring með hliðsjón af 3.gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Greinargerð barst frá Haukum vegna málsins.

Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptöku af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært af dómurum leiksins sem brot gegn reglu 8.6. Niðurstaða aganefndar er eins leiks bann til viðbótar við það bann sem hann hlaut með úrskurði aganefndar, dags. 3. maí 2019, eða alls tveggja leikja bann vegna atviksins. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

2. Kári Kristján Kristjánsson leikmaður ÍBV hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Hauka í mfl. ka. þann 2.5.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a og b. Leikmaðurinn var úrskurðaður í eins leiks bann á síðasta fundi aganefndar en málinu var að öðru leyti frestað um sólarhring með hliðsjón af 3.gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Greinargerð barst frá ÍBV vegna málsins.

Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptökur af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært af dómurum leiksins sem brot gegn reglu 8.6. Að mati aganefndar eru framgreindar myndbandsupptökur ekki til þess fallnar að hnekkja mati dómara á brotinu. Niðurstaða aganefndar er tveggja leikja bann til viðbótar við það bann sem hann hlaut með úrskurði aganefndar, dags. 3. maí 2019, eða alls þriggja leikja bann vegna atviksins. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

3. Árni Steinn Steinþórsson leikmaður Selfoss hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Vals og Selfoss í mfl. ka. þann 3.5. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi nú þegar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

**Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands**

